



GARÐABÆR



# Urriðaholtsskóli Hönnun

Útboðs- og samningsskilmálar  
Nóvember 2013

13210

S:\2013\13210\v\Hönnun\Útboðslýsing-Urriðaholtsskóli-Hönnun-131120.docx

Nóvember 2013

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	20.11.2013	ÓVM	ÞK	ÞK

## Efnisyfirlit

<b>0</b>	<b>Útboðs-og samningsskilmálar</b>	<b>3</b>
0.1	Yfirlit	3
0.1.1	Útboð	3
0.1.2	Lauslegt yfirlit yfir verkið	3
0.1.3	Útboðsform - Útboðsyfirlit	4
0.1.4	Upplýsingar um verkkaupa og ráðgjafa	5
0.1.5	Útboðsgögn	5
0.1.6	Skýringar á útboðsgögnum	5
0.1.7	Kynningarfundur	6
0.2	Tilboð	7
0.2.1	Gerð og frágangur tilboðs	7
0.2.2	Upplýsingar um fjárhag	7
0.2.3	Upplýsingar um hönnunarstjóra og lykilhönnuði	8
0.2.4	Greinargerð um gæðabætti	8
0.2.5	Þóknun	8
0.2.6	Verðlagsgrundvöllur	9
0.2.7	Fylgigögn með tilboði	9
0.2.8	Frávikstilboð	9
0.2.9	Auðkenni tilboðs	10
0.2.10	Skil og opnun tilboða	10
0.2.11	Gildistími tilboðs – Tilboðstrygging	10
0.2.12	Þóknun fyrir gerð tilboðs	10
0.2.13	Meðferð og mat á tilboðum	10
0.3	Verkefni hönnunarhóps	13
0.3.1	Áfangaskipting hönnunarstarfa	13
0.3.2	Tímaáætlun	13
0.3.3	Frestir - Tafabætur	14
0.3.4	Tilhögun hönnunarstarfa	14
0.3.5	Fundir – samskipti	14
0.3.6	Framvinda	14
0.3.7	Verkefnisstjórn verkkaupa	14
0.4	Fylgigögn með tilboði – Eyðublöð	16
0.5	Tilboðsskrá	33

## 0 Útboðs-og samningsskilmálar

### 0.1 Yfirlit

#### 0.1.1 Útboð

VSÓ Ráðgjöf ehf., fyrir hönd Garðabæjar óskar eftir áhugsömum ráðgjöfum til að taka þátt í útboði á hönnun vegna nýbyggingar skólahúsnæðis í Urriðaholti í Garðabæ. Óskað er eftir tilboðum frá hönnunarhópum sem samanstanda af eftirfarandi hönnuðum:

- ▶ Arkitektum
- ▶ Verkfræðihönnuðum
- ▶ Landslagsarkitektum
- ▶ Ráðgjöfum í brunahönnun
- ▶ Ráðgjöfum í hljóðvist
- ▶ Vottuðum BREEAM - ráðgjöfum

Tilboð skal gera samkvæmt útboðsgögn þessum eins og þeim er lýst í grein 0.1.5 „Útboðsgögn“. Mat á tilboðum fer fram með þrennum hætti:

- ▶ Lágmarkskröfur um hæfni, sbr. grein 0.2.13.1
- ▶ Gæðabættir eru metnir og gefnar einkunnir sem vega 60%, sbr. grein 0.2.13.2
- ▶ Tilboð í þóknun vegur 40%, sbr. grein 0.2.13.3

Um er að ræða almennt útboð með tveggja umslaga kerfi, sbr. grein 0.2.9.

#### 0.1.2 Lauslegt yfirlit yfir verkið

Í kjölfar uppbyggingar í Urriðaholti hefur Garðabær ákveðið að hefja undirbúning að uppbyggingu skóla í Urriðaholti með samning við hönnunarhóp um hönnun skóla og lóðar að Vörðuvegi 1-3 í Urriðaholti í Garðabæ.

Töluverður undirbúningur hefur átt stað í uppbyggingu skólastarfs í Urriðaholti. Strax í upphafi voru lagðar ákveðnar línur í rammaskipulagi Urriðaholts og á árinu 2008 fór fram umtalsverð undirbúningsvinna á vegum mennta og menningasviðs Garðabæjar í samstarfi við arkitekta og ráðgjafa. Hluti af þeirri vinnu var að danska arkitektastofan Arkitema vann frumdrög að skólahúsnæði.

Garðabær hefur nú ákveðið að vinna þá vinnu að nýju og þ.a.l. að nýta ekki þá vinnu sem áður var unnin af ráðgjöfum. Þess vegna og í ljósi þess hve langur tími er liðinn síðan þessi vinna var unnin, verða þeir ráðgjafar sem áður komu að verkinu ekki vanhæfir að mati Garðabæjar til að taka þátt í þessu útboði.

Í núgildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir aðskildum lóðum fyrir leikskóla og grunnskóla. Niðurstaða vinnu stýrihóps Garðabæjar um uppbyggingu skóla í Urriðaholti var sú að sameina skyldi stofnanirnar í eina byggingu. Af þeim ástæðum samþykkti skipulagsnefnd Garðabæjar þann 20. júní s.l. að sameina þessar lóðir og er breytingin nú í auglýsingu. Í meðfylgjandi fylgiskjali nr. 3 eru breytingartillagan sýnd.

Miðað er við að byggingin fullbyggð rúmi sex deilda leikskóla með um 120 heilsdagspláss og grunnskóla fyrir allt að 700 börn á grunnskólaaldri. Áformað er að reisa skólabygginguna í áföngum þannig að í fyrsta áfanga verði um 100 heilsdagspláss fyrir börn á leikskólaaldri og rými fyrir um 250 börn á grunnskólaaldri (1 - 10 bekk). Garðabær hefur sett sér það markmið að fyrsti áfangi skólans verði tekinn í notkun í apríl 2016. Gerð hefur verið lausleg áætlun um undirbúning og framkvæmdir við skólann og er þar miðað við eftirfarandi áfanga í verkinu:

- ▶ Útboð hönnunar nóvember 2013
- ▶ Samningur við hönnunarhóp janúar 2014
- ▶ Útboð framkvæmda ágúst 2014
- ▶ Framkvæmdir við 1. áfanga september 2014 – apríl 2016

Garðabær hefur sett sér heildstæða skólastefnu sem gefin var út í maí 2010 og er hana að finna á í fylgiskjali nr. 1.

Garðabær og Urriðaholt ehf. hafa gert með sér samstarfssamning um uppbyggingu byggðar í Urriðaholti og er þar gert ráð fyrir að Urriðaholt verði virkur þátttakandi í undirbúningi skóla- og íþróttamannvirkja. Jafnframt er þar ákvæði um áherslur í umhverfismálum og hefur Garðabær samþykkt sérstaka umhverfisstefnu fyrir skóla í Urriðaholti, sbr. fylgiskjal 3. Vegna þessara áhersluatriða í uppbyggingu Urriðaholts áformar Garðabær að ná BREEAM vottun fyrir skólabygginguna, hönnunarhópurinn skal miða við að byggingin hljóti a.m.k einkunina „good“ skv. BREEAM umhverfivottunarkerfinu. Verkaupi mun taka ákvörðun um umhverfivottun á hönnunartímanum.

### 0.1.3 **Útboðsform - Útboðsyfirlit**

#### Útboðsform

Hér er um opið almennt útboð að ræða. Útboð þetta er auglýst á hinu evrópska efnahagssvæði (EES).

#### Útboðsyfirlit

- |                              |  |  |
|------------------------------|--|--|
| ▶ Kynningarfundur            | 5. desember 2013   | Sjá nánar grein 0.1.7                          |
| ▶ Fyrirspurnatíma lýkur      | 6. janúar 2014   | Sjá nánar grein 0.1.6                          |
| ▶ Svarfrestur rennur út      | 9. janúar 2014   | Sjá nánar grein 0.1.6                          |
| ▶ Fyrsti opnunartími tilboða | 13. janúar 2014, kl.: 13:00                                  | Sjá nánar grein 0.2.10                         |
| ▶ Síðari opnunartími tilboða | 24. janúar 2014, kl.: 13:00                                  | Sjá nánar grein 0.2.10                         |
| ▶ Upphaf hönnunartíma        | Við töku tilboðs   | Sjá nánar grein 0.3.2                          |
| ▶ Lok hönnunartíma 1. áfanga | 1. júlí 2014   | Sjá nánar grein 0.3.2                          |
| ▶ Tilboðstrygging            | Skuldbinding tengd undirritun tilboðs                        | Sjá nánar grein 0.2.11                         |
| ▶ Kröfur til bjóðenda        | Sérstakar kröfur gerðar um hæfni og reynslu bjóðanda         | Sjá nánar grein 0.2.13                         |
| ▶ Tafabætur                  | 200.000 kr./dag  | Sjá nánar grein 0.3.3                          |
| ▶ Verðlagsgrundvöllur        | Verkið verðbætist ekki                                       | Sjá nánar grein 0.2.6                          |
| ▶ Frávikstilboð              | Eru ekki heimiluð  | Sjá nánar grein 0.2.8                          |
| ▶ Fylgigögn með tilboði      | 1. Tilboðsblað<br>2. Tilboðsskrá<br>3. Fylgigögn með tilboði | Sjá nánar grein 0.2.7<br>Sjá nánar grein 0.2.7 |
| ▶ Opunarstaður tilboða       | Bæjarskrifstofur Garðabæjar<br>Garðatorgi 7<br>210 Garðabæ   | Sjá nánar grein 0.2.10                         |

0.1.4 **Upplýsingar um verkkaupa og ráðgjafa**

0.1.4.1 *Verkkaupi*

Garðabær  
Kt.:570169-6109  
Garðatorgi 7, 210 Garðbæ

0.1.4.2 *Umsjónaraðili með útboði*

VSÓ Ráðgjöf  
Borgartúni 20, 105 Reykjavík  
Tengiliður: Ómar V. Maack  
Netfang: omar@vso.is

0.1.4.3 *Ráðgjafar*

Eftirtaldir aðilar eru ráðgjafar verkkaupa við verkið:

Útboð: VSÓ Ráðgjöf  
Borgartún 20, 105 Reykjavík

0.1.5 **Útboðsgögn**

Útboðsgögn verða aðgengileg á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is). Til útboðsgagna þessara teljast einnig eftirtalin fylgiskjöl:

1. Skólastefna Garðabæjar 2010 – 2013.
2. Niðurstaða stýrihóps og þarfagreining.
3. Deiliskipulag af vesturhluta Urriðaholts, ófullgerð teikning breytingar á deiliskipulagi, dags. 31.5.2013.
4. Tillaga að umhverfisstefnu skóla í Urriðaholti.
5. Skilgreining á hönnunaráföngum.
6. Lýsing á þjónustu arkitekta.
7. Lýsing á þjónustu verkfræðinga.
8. Urriðaholt – *Design framework for new school buildings*.
9. Fyrirspurnir og svör við þeim, sbr. grein 0.1.6.
10. Lög, reglugerðir, staðlar og önnur gögn sem vísað er til í útboðsgögnum og ofantöldum fylgiskjöllum eða gilda um þetta verkefni.
11. Ýmis ítagögn á vef Urriðaholts - [urridaholt.is/itarefni](http://urridaholt.is/itarefni)

Bjóðandi skal sjálfur afla þeirra gagna sem talin eru upp í lið 10 og 11.

Í fylgiskjöllum er að finna lista yfir ýmis gögn sem unnin voru á fyrra undirbúnings skeiði og ennfremur ítagögn um Urriðaholt. Ýmis gögn um Urriðaholt er að jafnframt að finna á vef Urriðaholts [www.urridaholt.is](http://www.urridaholt.is). Sérstakleg er vakin athygli á skjölunum *Ofanvatnslausnir í Urriðaholti* og *BREEAM* sem snert geta hönnun skóla í Urriðaholti og finna má undir ítarefni á síðunni.

0.1.6 **Skýringar á útboðsgögnum**

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í gögnunum sem haft getur áhrif á tilboðsfjárhæð, skal hann senda umsjónaraðila sem getið er í grein 0.1.4.2 „Umsjónaraðili með útboði“ fyrirspurn eigi síðar en þann dag sem getið er um í grein 0.1.3 „Útboðsform - Útboðsyfirlit“. Fyrirspurnin skal merkt: *Skóli í Urriðaholti, hönnun* og send með tölvupósti á netfangið omar@vso.is.

Fyrirspurnir og samhljóða svör verða send öllum þeim sem sótt hafa útboðsgögn eigi síðar en þann dag sem getið er um í grein 0.1.3 „Útboðsform - Útboðsyfirlit“. Fyrirspurnir og svör við þeim verða hluti af útboðsgögnunum.

Hafi bjóðendur fyrirspurnir eru þeir hvattir til þess að senda þær eins snemma á tilboðstímanum og tók eru á. Þeim verður svarað eins fljótt og kostur er en ekki beðið eftir því að svarfrestur renni út.

0.1.7

***Kynningarfundur***

Kynningarfundur verður haldinn með bjóðendum þann 5. desember 2013 á skrifstofu Garðabæjar, sjá grein 0.1.3.

## 0.2 Tilboð

### 0.2.1 Gerð og frágangur tilboðs

Til að unnt verði að meta tilboð hönnunarhóps er óskað eftir upplýsingum um fyrirtækin sem standa að tilboðinu, almenna reynslu þeirra og reynslu lykilhönnuða af sambærilegum verkefnum. Með sambærilegum verkefnum er átt við hönnun skólabygginga fyrir a.m.k. 100 nemendur, sem unnin hafa verið fyrir opinbera aðila. Mikilvægt er að upplýsingar þær sem beðið er um séu greinargóðar og nákvæmar.

Þá skulu bjóðendur einnig gera grein fyrir skipulagi hönnunarhópsins, setja fram hugmyndir um nálgun að verkefninu, lýsa tilhögun vinnunnar og gera grein fyrir árangri í hönnunarsamkeppnum um byggingar.

Koma skal greinilega fram hvaða fyrirtæki er ábyrgðaraðili fyrir verkinu, fyrirhuguð verkaskipting milli fyrirtækja og hvaða fyrirtæki muni koma fram fyrir þeirra hönd. Samningur eða sameiginleg yfirlýsing sem tilgreinir þessi atriði skal fylgja með tilboði.

**Bjóðendur skulu fylla út eyðublöð og tilboðsskrá sem fylgir þessum útboðsgögnum. Þau skulu fyllt út í samræmi við fyrirmæli og tilgreina skal umbeðin fylgiskjöl með tilboðinu. Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboði sínu. Geri þeir það ekki geta þeir átt á hættu að tilboði þeirra verði vísað frá.**

Upplýsingum sem óskað er eftir í greinum 0.2.1 til og með 0.2.2 skal skila inn í *umslagi 1: Fylgigögn með tilboði* en tilboðsskrá og öðrum gögnum er varða þóknun skv. grein 0.2.5 skal skila inn í *umslagi 2: Verðtilboð* (sjá nánar grein 0.2.9 um merkingu umslaga).

**Afar mikilvægt er að engar upplýsingar um þóknun eða verðtilboð komi fram í *umslagi 1: Fylgigögn með tilboði* en misbrestir á því mun verða til þess að tilboði verður vísað frá.**

Farið verður með allar upplýsingar frá bjóðendum sem trúnaðarmál.

### 0.2.2 **Upplýsingar um fjárhag**

Bjóðendur skulu skila með tilboði sínu eftirfarandi gögnum er varða fjárhag. Aðeins skal skila upplýsingum um fjárhag þess fyrirtækis sem ber ábyrgð á tilboðinu.

1. Ef um hlutafélag er að ræða er óskað eftir útskrift um hlutafélagið úr hlutafélagaskrá.
2. Staðfesting frá viðkomandi yfirvöldum um að fyrirtæki sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.
3. Staðfestingu frá þeim lífeyrissjóðum, sem starfsmenn greiða til, um að umsækjandi sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna.



### 0.2.3 **Upplýsingar um hönnunarstjóra og lykilhönnuði**

Bjóðendur skulu skila með tilboði sínu eftirfarandi gögnum er varða hönnunarstjóra og lykilhönnuði.

1. Starfsferilslýsingar hönnunarstjóra og lykilmanna hönnuða þ.e. arkitekts, landslagsarkitekts, burðarvirkjahönnuðar, lagnahönnuðar, loftræsihönnuðar, rafhönnuðar, brunahönnuðar, hljóðvistarhönnuðar og BREEAM vottunaraðila. Koma skulu fram upplýsingar um menntun, starfsaldur, almenna reynslu, stöðu í fyrirtæki og helstu verkefni sem þessir aðilar hafa unnið við á liðnum árum í tímaröð.
2. Upplýsingar um sambærileg verk sem hönnunarstjóri og arkitekt hefur komið að á síðastliðnum 10 árum. Tilgreina skal heiti verks, hvenær það var unnið, nafn verkkaupa og tengiliðs hans sem hafa má samband við vegna umsagnar um samstarfshæfni.
3. Upplýsingar um sambærileg verk sem lykilmenn hönnuða hafa komið að á síðastliðnum 10 árum.

### 0.2.4 **Greinargerð um gæðabætti**

Bjóðendur skulu skila með tilboði sínu greinargerð sem inniheldur eftirfarandi þætti.

1. Skipurit hönnunarhóps fyrir verkið þar sem fram koma upplýsingar um ábyrgð hvers starfsmanns ásamt samskipta og boðleiðum við verkkaupa opinber yfirvöld og aðra aðila verkefnisins.
2. Greinargóð lýsing á hugmyndum hönnunarhóps að nálgun verkefnisins þ.e.:
  - > Hvernig hönnunarhópur hyggst standa að því að móta húsnaði skólans á grundvelli skólastefnu Garðabæjar og samþykkrar umhverfisstefnu.
  - > Leiðarljós hönnunarstarfa þ.e. hugmyndir hönnunarhóps um viðmiðanir sem hann hyggst nota við hönnun skólans s.s. er varðar umhverfi, samfélag, heilsustefnu o.s.frv.
3. Vinnuferlar og aðrar upplýsingar um hvernig hópurinn hyggst standa að verkinu þ.e.a.s.:
  - > Hvernig staðið verður að því að fylgjast með og tryggja framvindu verkefnis.
  - > Hvernig samskiptum og samráði við verkkaupa verður háttað, sérstaklega á fyrstu skeiðum verkefnisins.
  - > Hvernig hönnunarhópurinn muni standa því að tryggja gæða- og kostnaðargát í verkefninu.
4. Listi yfir árangur arkitekta í hönnunarhópnum í hönnunarsamkeppnum um byggingar á síðustu 10 árum.

### 0.2.5 **Þóknun**

Tilboð í þóknun fyrir verkefnið skal tilgreint fyrir þrjú skeið verkefnisins í tilboðsskrá sem fylgir þessum útboðsgögnum. Bjóðendur skulu tilgreina í tilboðsskránni bæði mat þeirra á tímafjölda á hverju skeiði og tilboð í tímagjald. Greitt verður fyrir unna tíma á frumdragaskeiði en þó að hámarki þann fjölda tíma sem bjóðandi metur í tilboðsskrá. Á öðrum skeiðum verkefnisins verður greitt fast verð samkvæmt tilboði bjóðanda óháð tímanotkun. Nánar tiltekið verður þóknun sem hér segir:

1. Tímagjald fyrir verkþætti sem tilheyra frumdrögum þ.e. áfanga C skv. lýsingu á þjónustu arkitekta/verkræðihönnuða í fylgiskjölum 5, 6 og 7 með útboðsgögnum þessum. Sjá flípa „Frumdrög“ í tilboðsskrá. Frumdrög ná til allrar skólabyggingarinnar, sbr. grein 0.3.1.

2. Fast verð fyrir verkþætti frá forhönnun og til og með undirbúning framkvæmda þ.e. áfanga D - J skv. lýsingu á þjónustu arkitekta/verkfræðihönnuða í fylgiskjölum 5, 6 og 7 með útboðsgögnum þessum. Sjá flipa „Hönnun“ í tilboðsskrá. Þessir verkþættir ná aðeins til 1. áfanga byggingarinnar, sbr. grein 0.3.1
3. Fast verð fyrir ráðgjöf á byggingartíma, þ.e. áfanga K og L skv. lýsingu á þjónustu arkitekta/verkfræðihönnuða í fylgiskjölum 6 og 7 með útboðsgögnum þessum. Sjá flipa „Ráðgjöf bt.“ í tilboðsskrá. Þessi verkþættir ná aðeins til 1. áfanga byggingarinnar, sbr. grein 0.3.1.

Innifalið í þóknun skal vera öll vinna sem þarf við að leysa verkefnið samkvæmt útboðsgögnum þessum, öll ljósritun, prentun og fjölföldun gagna sem þarf vegna vinnu hönnuða í teyminu og til að fá samþykki opinberra yfirvalda á hönnuninni (s.s. bygginganefndar og byggingarfulltrúa), allur akstur og annar ferðakostnaður svo og allur annar ótalin kostnaður.

#### 0.2.6 **Verðlagsgrundvöllur**

Samningsfjárhæð er á föstu verðlagi og því verða engar verðbætur greiddar til ráðgjafa á samningstímanum.

#### 0.2.7 **Fylgigögn með tilboði**

Auk þess að skila inn tilboðsblaði og tilboðsskrá samkvæmt grein 0.2.1 „Gerð og frágangur tilboðs“ skulu bjóðendur skila eftirfarandi gögnum með tilboði sínu:

- ▶ Yfirlýsing um samstarf eða samstarfssamning aðila í hönnunarteyminu sem stendur að tilboðinu
- ▶ Útskrift úr hlutafélagaskrá ef umsækjandi er hlutafélag.
- ▶ Staðfestingu frá viðkomandi yfirvöldum um að bjóðandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.
- ▶ Staðfestingu frá þeim lífeyrissjóðum, sem starfsmenn greiða til, um að bjóðandi sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna.
- ▶ Starfsferillýsingar hönnunarstjóra og lykilmanna hönnuða, sbr. grein 0.2.3
- ▶ Lista yfir sambærileg verkefni sem bjóðandi hefur unnið á síðastliðnum 10 árum, sbr. grein 0.2.3.
- ▶ Greinargerð um nálgun verkefnis, sbr. grein 0.2.4, lið 2
- ▶ Greinargerð um vinnuferla, sbr. grein 0.2.4, lið 3.

Hér eru einungis talin upp þau skjöl sem fylgja skulu tilboðinu. Aðrar upplýsingar sem óskað er eftir skulu skráðar á tilboðsblöð. Skili bjóðandi ekki með tilboði sínu umbeðnum gögnum áskilur verkakaupi sér rétt til að vísa tilboði hans frá sem ógildu.

#### 0.2.8 **Frávikstilboð**

EKKI er heimilt með frávikstilboði að gera tilboð í aðra tilhögun verksins en þá sem lýst er í útboðsgögnunum þessum.

0.2.9 **Auðkenni tilboðs**

Tilboðum skal skila í tveimur lokuðum umslögum þannig merktum:

Umslag 1		Umslag 2	
Skóli í Urriðaholti		Skóli í Urriðaholti	
Hönnun		Hönnun	
<u>Fylgigögn með tilboði</u>		<u>Verðtilboð</u>	
Nafn bjóðanda		Nafn bjóðanda	

Afar mikilvægt er að engar upplýsingar um verðtilboð bjóðenda komi fram í umslagi 1 en misbrestir munu verða til þess að tilboði verður vísað frá.

0.2.10 **Skil og opnun tilboða**

Fyrri opnunarfundur

Tilboðum ásamt umbeðnum fylgigögnum skal skilað á skrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ eigi síðar en á tilgreindum opnunartíma, skv. grein 0.1.3, þar sem fylgigögn með tilboði verða opnuð og lesin upp nöfn bjóðenda.

Tilboð sem berast eftir tilgreindan opnunartímatíma verða ekki tekin til greina. Bjóðandi er einn ábyrgur fyrir því að tilboð berist á réttan stað fyrir opnunartíma tilboða.

Síðari opnunarfundur

Á síðari opnunarfundi, sem haldinn verður á skrifstofum Garðabæjar við Garðatorg á tilgreindum tíma skv. grein 0.1.3, verða lesin upp stig bjóðenda fyrir greinargerðir þeirra og opnuð verðtilboð þeirra sem staðist hafa kröfur um mat tilboða sbr. grein 0.2.13.1 og 0.2.13.2

Athygli bjóðenda er vakin á að þeir einir eru ábyrgir fyrir því að koma tilboðum sínum til skila í tæka tíð fyrir opnun tilboða, að öll tilskilin gögn fylgi með tilboði og að þau séu merkt í samræmi við kröfur útboðsgagna.

0.2.11 **Gildistími tilboðs – Tilboðstrygging**

Með undirritun á framlögðu tilboði sínu skuldbindur bjóðandi sig til að standa við tilboðið í 6 vikur frá skiladegi tilboða.

0.2.12 **Þóknun fyrir gerð tilboðs**

Verkkaupi mun ekki greiða þóknun fyrir tilboðsgerðina.

0.2.13 **Meðferð og mat á tilboðum**

0.2.13.1 **Hæfnisþættir**

Aðeins þeir hönnunarahópar sem hafa faglegt, fjárhagslegt og tæknilegt bolmagn verða taldir hæfir til að vinna verkið. Verkkaupi mun meta hæfni bjóðenda á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með umsókn sinni.

Bjóðendur sem **ekki** uppfylla eftirfarandi skilyrði koma ekki til greina:

- ▶ Hönnunarahópurinn skal hafa minnst 2 sérfræðinga á hverju fagsviða arkitektúrs, burðarvirkjahönnunar, lagna- og loftræsihönnunar og rafkerfahönnunar
- ▶ Fyrirtækið sem er í forsvari fyrir hönnunarahópnum er ekki í vanskilum með opinber gjöld.

- ▶ Fyrirtækið, sem er í forsvari fyrir hönnunarhópnum, er ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsgjöld starfsmanna.

Eftirfarandi viðmið verða jafnframt notuð til grundvallar við mat á hæfi umsækjenda:

- ▶ Hönnunarstjóri skal hafa a.m.k. 5 ára almenna starfsreynslu sem arkitekt, verkfræðingur eða tæknifræðingur, eftir því sem við á. Tilgreina skal heiti verkefnis, nafn verkkaupa og tengiliðs sem hafa má samband við til að vegna umsagnar um hönnunarstjóra.
- ▶ Hönnunarstjóri og lykilhönnuðir skulu, hver um sig, hafa reynslu af a.m.k. tveimur sambærilegum verkefnum fyrir opinbera aðila á s.l. 10 árum, þar sem þeir hafa verið virkir þátttakendur í hönnun á sínu sviði.

**Athugið að bjóðendur þurfa að uppfylla öll ofangreind skilyrði til að teljast hæfir.**

#### 0.2.13.2 Gæðaþættir (mestur fjöldi stiga 60)

Gæðaþættir um skipulag, samstarf og hugmyndir hönnuða verður metin og gefin einkunn. Nái greinargerð ekki 30 stigum af þeim 60 sem gefin eru verður tilboði viðkomandi bjóðanda vísað frá og tilboð hans í þóknun fyrir verkið ekki opnað.

Einkunnagjöf fyrir mismunandi þætti í greinargerðinni skiptist sem hér segir:

- a) Skipurit hönnunarhóps fyrir verkefnið – mestur fjöldi stiga: 5 stig
- b) Lýsing á hugmyndum að nálgun verkefnisins – mestur fjöldi stiga: 25 stig
- c) Vinnuferlar – mestur fjöldi stiga: 10 stig
- d) Frumleiki – mestur fjöldi stiga: 20 stig

Liðir a) til c) verða metnir hver fyrir sig með innbyrðis samanburði milli tilboða og þeim gefinn margföldunarstuðull samkvæmt eftirfarandi:

- |                                      |           |
|--------------------------------------|-----------|
| ▶ Sérstaklega góð                    | 0,9 – 1,0 |
| ▶ Mjög góð                           | 0,7 – 0,8 |
| ▶ Í meðallagi góð (meðaltal tilboða) | 0,6       |
| ▶ Sæmileg                            | 0,4 – 0,5 |
| ▶ Ábótavant                          | 0,2 – 0,3 |
| ▶ Slök                               | 0,0 – 0,1 |

Stigafjöldi fyrir hvern lið er fundinn með margfeldi hámarksstigafjölda fyrir liðinn og ofangreindum margföldunarstuðli.

Fyrir lið d) verða gefnar einkunnir fyrir hvert verðlaunasæti í hönnunarsamkeppnum fyrir byggingar í samræmi við eftirfarandi:

- |           |         |
|-----------|---------|
| ▶ 1. sæti | 10 stig |
| ▶ 2. sæti | 7 stig  |
| ▶ 3. sæti | 3 stig  |

Þannig gefur 1. sæti í tveimur samkeppnum 20 stig (hámarksfjölda stiga), 2. sæti í þremur samkeppnum gefur einnig 20 stig þar sem 3 x 7 stig er hærra en hámarksfjöldi stiga, o.s.frv.

#### 0.2.13.3 Þóknun (mestur fjöldi stiga 40)

Tilboð þeirra bjóðenda sem staðist hafa hæfnismat og lágmarkskröfur fyrir greinargerð verða opnuð á seinni opnunarfundi tilboða, eftir að fylgigögn með tilboði hafa verið yfirfarin og metin.

---

Stig verða reiknuð samkvæmt formúlunni:  $S = 40 \times (T_L / T)$  þar sem S er fjöldi stiga, T er tilboð viðkomandi bjóðanda og  $T_L$  er hærri talan af lægsta tilboði annarsvegar og  $0,8 \times$  meðaltal tilboða hinsvegar. Við stigaútreikning fyrir tilboð, sem eru lægri en  $T_L$ , verður  $T = T_L$  við þessa útreikninga.

### 0.3 Verkefni hönnunarhóps

Í meðfylgjandi fylgiskjali nr. 5 kemur fram skilgreining á áföngum hönnunarstarfa og í fylgiskjöllum nr. 6 og nr. 7 er lýsing á þeirri þjónustu arkitekta og verkfræðinga sem óskað er eftir.

Eins og áður hefur komið fram var undirbúningsvinna fyrir skóla í Urriðaholti unnin á árinu 2008. Niðurstöður þeirrar undirbúningsvinnu koma fram í fylgiskjali nr. 2 með þessum útboðsgögnum. Það er mat verkkaupa að með þessari undirbúningsvinnu sé áföngum A og B lokið. Jafnframt hefur verið unnin vísir að frumdrögum, áfanga C.


Verkefni hönnunarhópsins verður eftirfarandi:

- ▶ Fullvinnsla frumdraga (hönnunaráfanga C) fyrir alla skólabygginguna. Þeim áfanga lýkur með nákvæmri skilgreiningu á 1. áfanga framkvæmda.
- ▶ Hönnun 1. áfanga byggingarinnar og lóðar allt frá forhönnun (hönnunaráfanga D) og þangað til 1. áfangi húsnæði skólans er tilbúið til notkunar.
- ▶ Hönnunarhópurinn skal miða við að byggingin hljóti a.m.k einkunina „good“ skv. BREEAM umhverfisvottunarkerfinu. Verkkaupi mun taka ákvörðun um umhverfisvottun á hönnunartímanum.

Nánari lýsing á þeirri þjónustu sem arkitektum og verkfræðihönnuðum er ætlað að inna af hendi við verkefnið er að finna í fylgiskjali nr. 6: *Skilgreining á þjónustu arkitekta* og fylgiskjali nr. 7: *Skilgreining á þjónustu verkfræðihönnuða* sem fylgja með útboðsgögnum þessum.

#### 0.3.1 Áfangaskipting hönnunarstarfa

Í fylgiskjali 4 eru áfangar í hönnunarstörfum skilgreindir og eru þeir settir upp á skematískan hátt hér fyrir neðan.



Eins og fram kemur í fylgiskjali skulu niðurstöður úr undangengnum áfanga fá samþykki verkkaupa áður en vinna við næsta áfanga hefst.

#### 0.3.2 Tímaáætlun

Helstu tímasetningar hönnunarstarfa eru sem hér segir:

- ▶ Frumhönnun (liður C) lokið 15. mars 2014
- ▶ Forhönnun 1. áfanga lokið 15. apríl 2014
- ▶ Fullnaðarhönnun 1. áfanga lokið 1. júlí 2014
- ▶ Upphaf framkvæmda (jarðvinna) 1. september 2014
- ▶ Lok framkvæmda við 1. áfanga apríl 2016

Allri vinnu hönnunarteymis skal haga þannig að tímaáætlun raskist ekki.

Reiknað er með að framkvæmdir verði boðnar út í verkhlutum sem í meginatriðum verður sem hér segir:

- ▶ Jarðvinna
- ▶ Uppsteypa og frágangur að utan
- ▶ Lagnir
- ▶ Loftræsing
- ▶ Rafkerfi
- ▶ Frágangur inni

Hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða og kunna útboðsáfangar að verða fleiri eða færri.

### 0.3.3 **Frestir - Tafabætur**

Verði fullnaðarhönnun ekki lokið á tilsettum tíma sbr. grein 0.3.2 skal hönnunarteymi greiða verkkaupa tafabætur sem nemur 200.000 kr. fyrir hvern almanaksdag sem verkefnið dregst fram yfir skiladag lausna úr fullnaðarhönnun.

### 0.3.4 **Tilhögun hönnunarstarfa**

#### 0.3.4.1 **Almennt**

Hönnuðir í hönnunarteyminu skulu nota eigin aðferðir og vinnubrögð við úrlausn verkefnisins til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um verkefni þetta.

#### 0.3.4.2 **Gæðatrygging**

Ráðgjafarteymið skal nota eigið gæðakerfi við úrlausn verkefnisins. Í tilboðinu skal gerð grein fyrir gæðakerfi hönnunarteymisins og ábyrgðaraðila þess, sbr. gr.0.2.13.2.

### 0.3.5 **Fundir – samskipti**

Hönnunarstjóri skal í upphafi verks gera áætlun um fundi og samráð við útfærslu verkefnisins sem byggð er á tilboði hönnunarteymisins og tímaáætlun verkkaupa.

Þá skal hönnunarstjóri einnig gera áætlun um dreifingu gagna í verkefninu, þ.m.t. hvort og hvernig samskiptavefir verða notaðir í því sambandi.

### 0.3.6 **Framvinda**

Hönnunarteymið skal gera tímaáætlun fyrir vinnu teymisins og skal hún sundurliðuð á áfanga í verkinu og verkþætti eftir fagsviðum. Áætlunin skal byggð á þeim tímamörkum sem fram koma í þessum útboðsgögnum.


Hönnunarstjóri skal mánaðarlega og einnig í lok hvers áfanga gera umsjónamanni verkkaupa grein fyrir framvindu verksins og samanburði við áætlanir. Ef um frávik verða milli framvindu og áætlunar skal gefa skýringar á þeim frávikum og ráðstöfunum hönnunarteymisins til að vinna þann mun upp ef um seinkun er að ræða. Telji hönnunarteymi sig eiga rétt á framlengingu skilafrests vegna seinkana sem stafa af aðgerðum eða aðgerðarleysi verkkaupa, skal gerð sérstaklega grein fyrir því.

### 0.3.7 **Verkefnisstjórn verkkaupa**

Verkkaupi hefur sett á laggirnar verkefnisstjórn af sinni hálfu til að stýra verkinu fyrir sína hönd. Í henni eiga sæti:

- ▶ Gunnar Einarsson, bæjarstjóri
- ▶ Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur
- ▶ Margrét Björk Svavarsdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs
- ▶ Jón Pálmi Guðmundsson, framkvæmdastjóri Urriðaholts ehf

Með verkefnisstjórninni starfar Þorbergur Karlsson hjá VSÓ Ráðgjöf sem verkefnisstjóri og verður hann tengiliður verkkaupa við hönnunarteymið. Skipurit verkkaupa má sjá á eftirfarandi mynd.





#### 0.4 Fylgigögn með tilboði – Eyðublöð

Þjóðendur eru beðnir um að fylla út skrána og eyðublöðin sem þessi kafli nr. 0.4 inniheldur og skila inn ásamt öðrum gögnum sem krafist er skv. kafla 0.2 í útboðsgögnum þessum.

##### Hönnunarteymi

Hér skal tilgreina þau fyrirtæki sem standa að hönnunarteyminu. Tilgreina skal heiti fyrirtækis, aðsetur, fjölda starfsmanna og hlutverk fyrirtækisins í þessu verkefni. Einnig skal tilgreina aðstoðarráðgjafa ef við á.

Nafn fyrirtækis: \_\_\_\_\_

Aðsetur: \_\_\_\_\_

Fjöldi starfsmanna: \_\_\_\_\_

Hlutverk fyrirtækis í verkefninu: \_\_\_\_\_

Nafn fyrirtækis: \_\_\_\_\_

Aðsetur: \_\_\_\_\_

Fjöldi starfsmanna: \_\_\_\_\_

Hlutverk fyrirtækis í verkefninu: \_\_\_\_\_

Nafn fyrirtækis: \_\_\_\_\_

Aðsetur: \_\_\_\_\_

Fjöldi starfsmanna: \_\_\_\_\_

Hlutverk fyrirtækis í verkefninu: \_\_\_\_\_

Nafn fyrirtækis: \_\_\_\_\_

Aðsetur: \_\_\_\_\_

Fjöldi starfsmanna: \_\_\_\_\_

Hlutverk fyrirtækis í verkefninu: \_\_\_\_\_

Samstarfssamningur eða yfirlýsing

Sjá fylgiskjal nr. \_\_\_\_\_

### Ábyrgðaraðili

Hér skal veita upplýsingar um það fyrirtæki sem stendur í forsvari fyrir tilboðinu.

Nafn fyrirtækis í forsvari fyrir teyminu :

\_\_\_\_\_

Kennitala: \_\_\_\_\_

Heimilisfang : \_\_\_\_\_

Tengiliður: \_\_\_\_\_

Sími: \_\_\_\_\_ Netfang: \_\_\_\_\_

### Upplýsingar um fjárhag

Hér skal gera grein fyrir upplýsingum um fjárhag þess fyrirtækis sem ber ábyrgð á tilboðinu.

Upplýsingar úr hlutafélagaskrá (ef við á) Sjá fylgiskjal nr. \_\_\_\_\_

Staðfesting á að fyrirtæki sé ekki í vanskilum með opinber gjöld Sjá fylgiskjal nr. \_\_\_\_\_

Staðfesting lífeyrissjóða á að fyrirtæki sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsgjöld starfsmanna Sjá fylgiskjal nr. \_\_\_\_\_

### Upplýsingar um hönnunarstjóra og lykilhönnuði

Leggja skal fram eftirfarandi upplýsingar er varða hönnunarstjóra og lykilhönnuði sbr. grein. 0.2.3.

#### **Hönnunarstjóri**

Nafn: \_\_\_\_\_

Menntun: \_\_\_\_\_

Staða: \_\_\_\_\_

Starfsferilskrá Sjá fylgiskjal nr. \_\_\_\_\_

Upplýsingar um sambærileg verkefni hönnunarstjóra sbr. gr.0.2.3, lið 2. :

#### **Hönnunarstjóri – Verkefni 1**

Heiti verks: \_\_\_\_\_

Hvenær unnið: \_\_\_\_\_

Ábyrgð og starfssvið: \_\_\_\_\_

Verkkaupi: \_\_\_\_\_

Tengiliður \_\_\_\_\_

#### **Hönnunarstjóri – Verkefni 2**

Heiti verks: \_\_\_\_\_

Hvenær unnið: \_\_\_\_\_

Ábyrgð og starfssvið: \_\_\_\_\_

Verkkaupi: \_\_\_\_\_

Tengiliður \_\_\_\_\_

**Lykilhönnuður arkitekta**

Nafn: \_\_\_\_\_

Menntun: \_\_\_\_\_

Staða: \_\_\_\_\_

Starfsferilskrá Sjá fylgiskjal nr. \_\_\_\_\_

Upplýsingar um sambærileg verkefni lykilhönnuðar arkitekta sbr. gr.0.2.3, lið 2. :

**Lykilhönnuður arkitekta – Verkefni 1**

Heiti verks: \_\_\_\_\_

Hvenær unnið: \_\_\_\_\_

Ábyrgð og starfssvið: \_\_\_\_\_

Verkkaupi: \_\_\_\_\_

Tengiliður \_\_\_\_\_

**Lykilhönnuður arkitekta – Verkefni 2**

Heiti verks: \_\_\_\_\_

Hvenær unnið: \_\_\_\_\_

Ábyrgð og starfssvið: \_\_\_\_\_

Verkkaupi: \_\_\_\_\_

Tengiliður \_\_\_\_\_

**Aðalhönnuður landslagsarkitekta**

Nafn: \_\_\_\_\_

Menntun: \_\_\_\_\_

Staða: \_\_\_\_\_

Starfsferilskrá Sjá fylgiskjal nr. \_\_\_\_\_

Upplýsingar um sambærileg verkefni aðalhönnuðar landslagsarkitekta :

**Aðalhönnuður landslagsarkitekta – Verkefni 1**

Heiti verks: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvenær unnið: \_\_\_\_\_

Ábyrgð og starfssvið: \_\_\_\_\_

**Aðalhönnuður landslagsarkitekta – Verkefni 2**

Heiti verks: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvenær unnið: \_\_\_\_\_

Ábyrgð og starfssvið: \_\_\_\_\_

**Burðarvirkjahönnuður**

Nafn: \_\_\_\_\_

Menntun: \_\_\_\_\_

Staða: \_\_\_\_\_

Starfsferilskrá Sjá fylgiskjal nr. \_\_\_\_\_

Upplýsingar um sambærileg verkefni aðalhönnuðar burðarvirkja :

**Burðarvirkjahönnuður – Verkefni 1**

Heiti verks: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvenær unnið: \_\_\_\_\_

Ábyrgð og starfssvið: \_\_\_\_\_

**Burðarvirkjahönnuður – Verkefni 2**

Heiti verks: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvenær unnið: \_\_\_\_\_

Ábyrgð og starfssvið: \_\_\_\_\_

**Lagnahönnuður**

Nafn: \_\_\_\_\_

Menntun: \_\_\_\_\_

Staða: \_\_\_\_\_

Starfsferilskrá Sjá fylgiskjal nr. \_\_\_\_\_

Upplýsingar um sambærileg aðalhönnuðar lagnakerfa :

**Lagnahönnuður – Verkefni 1**

Heiti verks: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvenær unnið: \_\_\_\_\_

Ábyrgð og starfssvið: \_\_\_\_\_

**Lagnahönnuður – Verkefni 2**

Heiti verks: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvenær unnið: \_\_\_\_\_

Ábyrgð og starfssvið: \_\_\_\_\_

**Loftræsihönnuður**

Nafn: \_\_\_\_\_

Menntun: \_\_\_\_\_

Staða: \_\_\_\_\_

Starfsferilskrá Sjá fylgiskjal nr. \_\_\_\_\_

Upplýsingar um sambærileg verkefni aðalhönnuðar loftræsikerfa :

**Loftræsihönnuður – Verkefni 1**

Heiti verks: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvenær unnið: \_\_\_\_\_

Ábyrgð og starfssvið: \_\_\_\_\_

**Loftræsihönnuður – Verkefni 2**

Heiti verks: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvenær unnið: \_\_\_\_\_

Ábyrgð og starfssvið: \_\_\_\_\_



**Rafhönnuður**

Nafn: \_\_\_\_\_

Menntun: \_\_\_\_\_

Staða: \_\_\_\_\_

Starfsferilskrá Sjá fylgiskjal nr. \_\_\_\_\_

Upplýsingar um sambærileg verkefni aðalhönnuðar rafkerfa :

**Rafhönnuður – Verkefni 1**

Heiti verks: \_\_\_\_\_

Hvenær unnið: \_\_\_\_\_

Ábyrgð og starfssvið: \_\_\_\_\_

**Rafhönnuður – Verkefni 2**

Heiti verks: \_\_\_\_\_

Hvenær unnið: \_\_\_\_\_

Ábyrgð og starfssvið: \_\_\_\_\_

**Brunahönnuður**

Nafn: \_\_\_\_\_

Menntun: \_\_\_\_\_

Staða: \_\_\_\_\_

Starfsferilskrá Sjá fylgiskjal nr. \_\_\_\_\_

Upplýsingar um sambærileg verkefni brunahönnuðar :

**Brunahönnuður – Verkefni 1**

Heiti verks: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvenær unnið: \_\_\_\_\_

Ábyrgð og starfssvið: \_\_\_\_\_

**Brunahönnuður – Verkefni 2**

Heiti verks: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvenær unnið: \_\_\_\_\_

Ábyrgð og starfssvið: \_\_\_\_\_

**Hljóðvistarhönnuður**

Nafn: \_\_\_\_\_

Menntun: \_\_\_\_\_

Staða: \_\_\_\_\_

Starfsferilskrá Sjá fylgiskjal nr. \_\_\_\_\_

Upplýsingar um sambærileg verkefni hljóðvistarhönnuðar :

**Hljóðvistarhönnuður – Verkefni 1**

Heiti verks: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvenær unnið: \_\_\_\_\_

Ábyrgð og starfssvið: \_\_\_\_\_

**Hljóðvistarhönnuður – Verkefni 2**

Heiti verks: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvenær unnið: \_\_\_\_\_

Ábyrgð og starfssvið: \_\_\_\_\_

### **Skipulag hönnunarhóps**

Hér skal tilgreina þá starfsmenn sem taka munu þátt í hönnunarstörfum. Skrá skal nafn starfsmanns, hjá hvaða fyrirtæki hann vinnur og hlutverk hans í verkefninu (arkitekt, burðarvirki, lagnir o.s.frv.)

**Skipurit hönnunarteymis**

Fram skal koma fram upplýsingar um ábyrgð hvers starfsmanns ásamt samskipta og boðleiðum við verkkaupa, opinber yfirvöld og aðra aðila verkefnisins, sbr. gr. 0.2.4, lið 1.

### Nálgun verkefnis

Fram skal koma greinargóð lýsing á hugmyndum hönnunarhóps að nálgun verkefnisins, sbr. gr. 0.2.4, lið 2.

- Hvernig hönnunarhópur hyggst standa að mótun húsnæðis leikskólans, á grundvelli skólastefnu Garðabæjar Sjá fylgiskjal nr. \_\_\_\_\_
  
- Leiðarljós hönnunarstarfa, þ.e. hugmyndir hönnunarhóps um viðmiðanir sem nota mætti við hönnun skólans s.s. er varðar umhverfi, samfélag, heilsustefnu o.s.frv. Sjá fylgiskjal nr. \_\_\_\_\_

---

**Vinnuferlar**

Fram skulu koma upplýsingar um vinnuferla sbr. gr. 0.2.4, lið 3.

- Hvernig staðið verður að því að fylgjast með og tryggja framvindu verkefnisins. Sjá fylgiskjal nr. \_\_\_\_\_
- Hvernig samskiptum og samráði við verkkaupa verður háttað, sérstaklega á fyrstu skeiðum verkefnisins. Sjá fylgiskjal nr. \_\_\_\_\_
- Hvernig hönnunarhópurinn mun standa að því að tryggja gæða- og kostnaðargát í verkefninu. Sjá fylgiskjal nr. \_\_\_\_\_

---

**Árangur í samkeppnum**

Skrá skal árangur arkitekta teymisins í hönnunarsamkeppnum um húsbyggingar á undanförunum 10 árum. Þátttaka í einkaframkvæmdarverkefnum og alútböðum skal ekki talin með.

Heiti samkeppni \_\_\_\_\_

Verðlaunasæti: \_\_\_\_\_

Heiti samkeppni \_\_\_\_\_

Verðlaunasæti: \_\_\_\_\_

Heiti samkeppni \_\_\_\_\_

Verðlaunasæti: \_\_\_\_\_

Heiti samkeppni \_\_\_\_\_

Verðlaunasæti: \_\_\_\_\_

Heiti samkeppni \_\_\_\_\_

Verðlaunasæti: \_\_\_\_\_

Heiti samkeppni \_\_\_\_\_

Verðlaunasæti: \_\_\_\_\_

Heiti samkeppni \_\_\_\_\_

Verðlaunasæti: \_\_\_\_\_

Heiti samkeppni \_\_\_\_\_

Verðlaunasæti: \_\_\_\_\_





**0.5 Tilboðsskrá**

# URRIÐAHOLTSSKÓLI

## Hönnun

Útboð



### Tilboðsblað

Undirritaður gerir hér með eftirfarandi tilboð í hönnun vegna Urriðaholtsskóla í Garðabæ, í samræmi við meðfylgjandi útboðsgögn.

Heildartilboðsfjárhæð (með VSK 25,5%) \_\_\_\_\_

í bókstöfum, \_\_\_\_\_

### Sundurliðun tilboðs

1. Heildartilboðsfjárhæð fyrir FRUMDRÖG, allur skólinn ( Lið C): \_\_\_\_\_

2. Heildartilboðsfjárhæði fyrir HÖNNUN, eingöngu 1. áfangi (Lið D-J): \_\_\_\_\_

3. Heildartilboðsfjárhæð fyrir RÁÐGJÖF Á BYGGINGARTÍMA, eingöngu 1. áfangi (Lið K-L): \_\_\_\_\_

**Heildartilboðsfjárhæði samtals:** \_\_\_\_\_

Staður

Dagsetning

Nafn bjóðanda

Kennitala

Sími

Símbréf

Netfang

Tengiliður bjóðanda

Undirskrift bjóðanda

**VSÓ RÁÐGJÖF**

**Tilboð í hönnun - FRUMDRÖG** Viðfangsefni sem tilheyra lið C

Allur skólinn

Verkþáttur/Nafn	Áætlaður fj. tíma	Tímagjald	Verð
<b>Arkitekt</b>			
<b>Samtals arkitektar</b>			
<b>Burðarvirki</b>			
<b>Samtals Burðarvirki</b>			
<b>Lagnir og loftræsing</b>			
<b>Samtals Lagnir og loftræsing</b>			
<b>Rafkerfi</b>			
<b>Samtals Rafkerfi</b>			
<b>Landslagshönnun</b>			
<b>Samtals Landslagshönnun</b>			
<b>Brunahönnun</b>			
<b>Samtals Brunahönnun</b>			
<b>Hljóðhönnun</b>			
<b>Samtals Hljóðhönnun</b>			
<b>BREEAM hönnun</b>			
<b>Samtals BREEAM hönnun</b>			
<b>Samtals Frumdrög</b>			
Virðisaukaskattur 25,5 %			
<b>ALLS FRUMDRÖG - flutt á tilboðsblað</b>			

**Tilboð í hönnun - FULLNAÐARHÖNNUN** viðfangsefni sem tilheyra lið D - J

Eingöngu 1. áfangi

Verkpáttur/Nafn	Áætlaður fj. tíma	Tímagjald	Verð
<b>Arkitekt</b>			
<b>Samtals arkitektar</b>			
<b>Burðarvirki</b>			
<b>Samtals Burðarvirki</b>			
<b>Lagnir og loftræsing</b>			
<b>Samtals Lagnir og loftræsing</b>			
<b>Rafkerfi</b>			
<b>Samtals Rafkerfi</b>			
<b>Landslagshönnun</b>			
<b>Samtals Landslagshönnun</b>			
<b>Brunahönnun</b>			
<b>Samtals Brunahönnun</b>			
<b>Hljóðhönnun</b>			
<b>Samtals Hljóðhönnun</b>			
<b>BREEAM hönnun</b>			
<b>Samtals BREEAM hönnun</b>			
<b>Samtals Frumdrög</b>			
Virðisaukaskattur 25,5 %			
<b>ALLS FRUMDRÖG - flutt á tilboðsblað</b>			

**Tilboð í hönnun - RÁÐGJÖF Á BYGGINGARTÍMA** Viðfangsefni sem tilheyra liðum K og L  
Eingöngu 1. áfangi

Verkþáttur/Nafn	Áætlaður fj. tíma	Tímagjald	Verð
<b>Arkitekt</b>			
<b>Samtals arkitektar</b>			
<b>Burðarvirki</b>			
<b>Samtals Burðarvirki</b>			
<b>Lagnir og loftræsing</b>			
<b>Samtals Lagnir og loftræsing</b>			
<b>Rafkerfi</b>			
<b>Samtals Rafkerfi</b>			
<b>Landslagshönnun</b>			
<b>Samtals Landslagshönnun</b>			
<b>Brunahönnun</b>			
<b>Samtals Brunahönnun</b>			
<b>Hljóðhönnun</b>			
<b>Samtals Hljóðhönnun</b>			
<b>BREEAM hönnun</b>			
<b>Samtals BREEAM hönnun</b>			
<b>Samtals Frumdrög</b>			
Virðisaukaskattur 25,5 %			
<b>ALLS FRUMDRÖG - flutt á tilboðsblað</b>			